



Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

19.6.2023

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogsbæjar

Orri Hlöðversson
Formaður bæjarráðs Kópavogs

Efni:

Ósk um endurskoðun á Aðal- og deilisskipulagi á íþróttasvæði Breiðabliks í Smáranum (Íþ-4)

Ágætu forsvarsmenn Kópavogs

Öflugt og gott íþróttastarf er nú þegar í Kópavogi sem sést vel í vexti íþróttafélaga í bænum þar sem iðkendum fjölgar mikið á öllum aldri. Aukin þátttaka iðkenda og fjölbreytt þjónusta íþróttafélaga ásamt aukinni vakningu í lýðheilsumálum kallar á framþróun og uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Breiðablik er eitt stærsta íþróttafélag landsins með tæplega 3.900 iðkendur í 12 deildum. Hjarta félagsins og meginstarfssemi er í Smáranum og þrátt fyrir stefnu félagsins að sinna vel íbúum alls bæjarfélagsins, þá er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni með vísan í greinargerð Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 (Bls 146, sjá umfjöllum um íþróttasvæði Íþ-4)

Vöxtur félagsins hefur verið mikill, sérstaklega á liðnum áratug og fyrirséð að sú fjölgun muni halda áfram í kjölfar þeirrar miklu uppbyggingar á íbúðarhúsnæði sem fyrirhuguð er í nágrenni félagsins á næstu árum. Félagið telur það afar mikilvægt að það fái að skipuleggja félagssvæði sitt með sem bestum og fagmannlegustum hætti og hefur m.a. gert þarfagreiningu innan deilda félagsins um þróun starfs og áætlanir til framtíðar. Slík skipulagning væri gerð með það að markmiði að félagið sé betur í stakk búið að þjónusta núverandi og framtíðar iðkendur, sem fyrirséð er að muni fjölga mikið næstu áratugi.

Slík uppbygging er grundvöllur fyrir framþróun og öflugu íþróttastarfi sem sést vel í þeirri uppbyggingu sem hefur verið á íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu sem gefur hefur af sér íþróttafólk í fremstu röð og aðstöðu fyrir komandi kynslóðir til íþróttaiðkunar.

Í samræmi við umfjöllun um Íþ-4 í greinargerð Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 þar sem fram kemur að fleiri iðkendur kalla á stærra og endurskoðað athafnarsvæði til að Breiðablik geti vaxið áfram og dafnað óskar Breiðablik eftir því að fá að hefja vinnu við

endurskoðun á íþróttasvæði Íþ-4 með það að leiðarljósi að leggja fram vinnslutillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttssvæði Íþ-4 og í kjölfarið deilisskipulag fyrir svæðið.

Skipulagstillagan muni miða að því að uppbygging innviða fyrir svæðið verði á sem sjálfbærastan hátt með sem minnstum tilkostnaði fyrir sveitarfélagið. Uppbygging verði hagkvæm og miðist við að heildar uppbyggingaráform íþróttasvæði Íþ-4 uppfylli þarfagreiningu félagsins með hagnýtri ráðstöfun lands og landnotkunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Aðalstjórnar Breiðabliks

Ásgeir Baldurs, formaður Breiðabliks
(Rafræn undirritun)